

Kjósarhreppur  
Jón Eiríkur Guðmundsson,  
byggingar- og skipulagsfulltrúi  
Félagsgarði  
270 Mosfellsbær



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 30. ágúst 2012  
UST20120600113/dg

### Frístundabyggð í landi Möðruvalla 1 í Kjósahreppi, deiliskipulagstillaga

Umhverfisstofnun hefur borist erindi dags 19. júní sl. frá bygginga- og skipulagsfulltrúa Kjósarhepps, þar sem óskað er umsagnar vegna deiliskipulags frístundasvæðis í landi Möðruvalla 1 í Kjós, á svæði er nefnist Lækir.

Fyrirhugað deiliskipulagssvæði er nr. 134 á náttúruminjaskrá, Laxárvogur og Laxá í Kjós, en um svæðið segir í skránni:

*„Laxárvogur og Laxá í Kjós, -Kjósarhreppi, Þingvallahreppi, Kjósarsýslu, Árnessýslu. (1) Grunnsvævi, fjörur og strandlengja frá ósi Laxár út að línu milli Hálsness og Eyrar (Hvalfjarðareyrar). Vatnasvið Laxár og nánasta umhverfi frá ósi upp að vatnaskilum. Meðalfellsvatn, Stíflisdalsvatn og Mjóavatn. Káranesseg og Hurðarbaksseg. (2) Í Laxárvogi eru víðáttumiklar leirur með fjölbreyttu dýralífi og gróðri. Laxá er ein helsta laxveiðia landsins. Í sefunum er fjölskrúðugt fuglalíf.“*

### Skipulagssvæðið

Eins og áður hefur komið fram er skipulagssvæðið í landi Möðruvalla 1 í Kjósahreppi og nefnist Lækir. Ekki kemur fram nánari lýsing á svæðinu né stærð þess. Umhverfisstofnun telur að innan greinagerðarinnar þurfi nánari lýsingu bæði á stærð og eðli þess lands er skipulagið nær til.

### Lóðir

Samkvæmt uppdrætti deiliskipulags tillögunnar eru lóðir innan skipulagsins frá 6880 m<sup>2</sup> til 7659 m<sup>2</sup> og eru byggingarreitir 10m frá lóðamörkum á öllum hliðum. Samkvæmt uppdrætti fara byggingarreitirnir yfir læk sem liggur þvert yfir allar lóðirnar. Umræddur lækur rennur í Svínadalsá og þaðan í Laxá í Kjós. Umhverfisstofnun telur að byggingarreitir eigi að sneiða fram hjá þessum læk til verndunar vatnasviðs Laxár sem er eins og áður segir, svæði á náttúruminjaskrá.

### **Mannvirki**

Í kafla um hús og húsagerðir kemur fram að taka skuli tillit til landslags og umhverfis við ákvörðun um á hæð bygginga sem og litir útveggja og þaka. Ákvæði þetta fylgir 35. gr laga nr. 44/1999 um náttúruvernd þar sem segir að við hönnun mannvirkja skuli þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Umhverfisstofnun mikilvægt að hönnuðir þeirra mannvirkja sem eiga eftir að rísa á svæðinu geri grein fyrir á hvern hátt þeir taki tilliti til þessa ákvæðis.

### **Frárennsli**


Í greinargerð tillögunnar segir að öllu frárennsli skuli veitt í rotþrær, með siturlögn, og miða skuli stærð þeirra við að þörfum verði fullnægt. Umhverfisstofnun bendir á að staðsetning rotþróa komi ekki fram á uppdrætti og bendir á að á deiliskipulagsuppdrætti skuli koma fram endanlegar staðsetningar rotþróa. Stofnunin bendir einnig á leiðbeiningarrit Umhverfisstofnunar frá 2004 um rotþrær og siturlagnir sem finna má á vef stofnunarinnar [www.ust.is](http://www.ust.is).


### **Sorp og urðunarstaður**

Í greinargerð deiliskipulagstillögunnar kemur fram að sorp skuli losað í gám sveitarfélagsins og að sorphirða falli undir Kjósahrepp. Síðar í tillögunni er fjallað um sameiginlegan urðunarstað frístundasvæða þar sem verið er að fylla upp gamla framræsluskurði. Umhverfisstofnun telur að hér þufi að koma skýrar fram hverskonar efnislosun er heimiluð á umræddu urðunarsvæði. Umhverfisstofnun minnir á í þessu sambandi, stefnumörkun íslenskra stjórnvalda til ársins 2020, Velferð til framtíðar, þar sem fram kemur að eitt að markmiðum stjórnvalda er að dregið verði úr myndum úrgangs eftir því sem kostur er og að hann meðhöndlaður þannig að hann valdi sem minnstum neikvæðum áhrifum á umhverfið.

Umhverfisstofnun gerir ekki frekari athugasemdir við deiliskipulagstillögu frístundabyggðarinnar Lækja í landi Möðruvalla 1, Kjósahreppi.

Virðingarfyllst

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Deildarstjóri

  
Drífa Gústafsdóttir  
sérfræðingur

Skipulagsstofnun

Akureyrarbær  
Anton Birgir Ólafsson,  
verkefnastjóri skipulagsmála  
Geislagötu 9  
600 Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 30. ágúst 2012  
UST20120700071/dg

## Deiliskipulag – Borgarbraut – Vestursíða

Vísað er til erindis skipulagsdeildar Akureyrarbæjar er barst 10. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna tillögu að deiliskipulagsbreytingu og umhverfisskýrslu, Borgarbrautar – Vestursíðu Akureyri í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

Skipulagið felur í sér lögn nýrrar tengibrautar, Borgarbrautar frá Merkgili að Bröttusíðu, yfir svæði sem skilgreint er sem opið svæði í aðalskipulagi Akureyrar. Umrætt skipulag fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Skipulagið fellir úr gildi deiliskipulög fyrir Vestursíðu 10-36 frá 1989 og Vestursíðu 1-8 frá 1991. Einnig verður gerð breyting á deiliskipulagi Giljahverfis, skipulagsmörk samræmd. Innan tillögunnar er gert ráð fyrir lengingu Borgarbrautar að Bröttusíðu, hljóðmönnum og byggingarreitum fyrir bílgeymslur við Vestursíðu.

### Verndarsvæði

Á skipulagssvæðinu eru hvorki svæði á náttúruminjaskrá eða jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

### Hljóðvist

Í tillögunni er gerð grein fyrir mótvægisáðgerðum í formi hljóðmana, hljóðveggja og framkvæmda á einstökum mannvirkjum til þess að ná jafnvægishljóðstigi niður fyrir 55db, við húsvegg, eins og reglugerð nr. 724/2008 segir til um.


### Sjónræn áhrif


Í skipulaginu er verið að leggja nýja tengibraut á milli hverfa þar sem í dag er óbyggt svæði. Vegna hljóðvistar er gert ráð fyrir 1.5 m háum hljóðvörnum, 260 m, 80 m og 310 m löngum. Hljóðvarnirnar eru flestar jarðvegsmanir, yfirborð þeirra gras og trjágróður. Veggur til hljóðvarnar verður settur þar sem ekki er hægt að koma við jarðvegsmon vegna plássleysis.

Umhverfisstofnun telur að þessar hljóðvarnir komi til með að hafa í för með sér mikil sjónræn áhrif þar sem þær eru miklar að umfangi, hæð og breidd, og sitja hærra í landi en aðliggjandi byggð. Umhverfisstofnun hvetur Akureyrarbæ til þess að skoða útfærslur hljóðmana með tilliti til ásýndar.

Umhverfisstofnun gerir ekki frekari athugasemdir við ofangreinda deiliskipulagstillögu og umhverfisskýrslu Borgarbrautar – Vestursíðu, Akureyri.

Virðingarfyllst

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Deildarstjóri

  
Drífa Gústafsdóttir  
sérfræðingur

Skipulagsstofnun

Hvalfjarðarsveit  
Laufey Jóhannsdóttir,  
sveitarstjóri  
Innrimel 3, Melahverfi  
301 Akranes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 30. ágúst 2012  
UST20120600022/dg

### Grundartangi – Austursvæði


Vísað er til erindis Hvalfjarðarsveitar dags. 4. júní sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um deiliskipulag og umhverfisskýrslu fyrir Grundartanga – Austursvæði sem nú er til kynningar.


Deiliskipulagið hefur það að markmiði að styrkja flutningskerfi Landsnets við Brennimel og fylgja eftir áætlun Landsnets um raforkuflutning á svæðinu. Tryggja þarf næga raforku og mæta aukinni eftirspurn fyrir iðnaðar- og athafnastarfsemi á Grundartanga. Fylgja á eftir lögbundnu hlutverki Landsnets varðandi raforkuflutning.

Umhverfisskýrslan er unnin skv. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og tekur á þeim þáttum er taldir eru geta haft umhverfisáhrif. Þessir þættir eru eftirfarandi; landslag, sjónræn áhrif, hljóðvist, raf- og segulsvið. Einnig er fjallað um hugsanleg áhrif á náttúrufar. Ekki er talin ástæða til þess að fjalla um jarðfræði, jarðmyndanir, fornminjar, vatnsvernd og neysluvatn byggt á upplýsingum úr aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar.

Umhverfisstofnun barst tillaga að deiliskipulaginu til umsagnar fyrr á árinu þar sem stofnunin gerði athugasemdir við áætlað deiliskipulag. Stofnunin telur að þeim athugasemdum hafi verið mætt að því marki sem mögulegt er miðað við áætlaða framkvæmd og gerir því ekki frekari athugasemdir við þær tillögur sem nú eru til kynningar.

Virðingarfyllst

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Deildarstjóri



Drífa Gústafsdóttir  
sérfræðingur